

2018 nr. 120 7. desember

Forsetaúrskurður um skiptingu starfa ráðherra

Tók gildi 1. janúar 2019. *Breytt með:* Forsetaúrsk. 17/2019 (tók gildi 15. mars 2019). Forsetaúrsk. 110/2019 (tók gildi 7. sept. 2019). Forsetaúrsk. 156/2019 (tók gildi 1. jan. 2020). Forsetaúrsk. 115/2020 (tók gildi 8. okt. 2020). Forsetaúrsk. 116/2020 (tók gildi 17. okt. 2020).

■ 1. gr. Forsætisráðuneyti.

□ **Katrín Jakobsdóttir** fer með stjórnarmálefni sem heyra undir forsætisráðuneytið skv. 1. gr. forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands og ber embættisheitið *forsætisráðherra*.

■ 2. gr. Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti.

□ **Kristján Þór Júlíusson** fer með stjórnarmálefni sem heyra undir atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið skv. 1., 5. og 6. tölul. 2. gr. forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands og ber embættisheitið *sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra*.

□ **Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir** fer með stjórnarmálefni sem heyra undir atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið skv. 2.–4. tölul. og 7. og 8. tölul. 2. gr. forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands og ber embættisheitið *ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra*.

■ 3. gr. [Dómsmálaráðuneyti.

□ **Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir** fer með stjórnarmálefni sem heyra undir dómsmálaráðuneytið skv. 3. gr. forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands og ber embættisheitið *dómsmálaráðherra*.¹⁾

¹⁾ Forsetaúrsk. 110/2019, 1. gr.

■ 4. gr. Félagsmálaráðuneyti.

□ **Ásmundur Einar Daðason** fer með stjórnarmálefni sem heyra undir félagsmálaráðuneyti skv. 4. gr. forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands og ber embættisheitið *félags- og barnamálaráðherra*.

■ 5. gr. Fjármála- og efnahagsráðuneyti.

□ **Bjarni Benediktsson** fer með stjórnarmálefni sem heyra

undir fjármála- og efnahagsráðuneytið skv. 5. gr. forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands og ber embættisheitið *fjármála- og efnahagsráðherra*.

■ 6. gr. Heilbrigðisráðuneyti.

□ **Svandís Svavarsdóttir** fer með stjórnarmálefni sem heyra undir heilbrigðisráðuneytið skv. 6. gr. forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands og ber embættisheitið *heilbrigðisráðherra*.

■ 7. gr. Mennta- og menningarmálaráðuneyti.

□ **Lilja Dögg Alfreðsdóttir** fer með stjórnarmálefni sem heyra undir mennta- og menningarmálaráðuneytið skv. 7. gr. forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands og ber embættisheitið *mennta- og menningarmálaráðherra*.

■ 8. gr. Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti.

□ **Sigurður Ingi Jóhannsson** fer með stjórnarmálefni sem heyra undir samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið skv. 8. gr. forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands og ber embættisheitið *samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra*.

■ 9. gr. Umhverfis- og auðlindaráðuneyti.

□ **Guðmundur Ingi Guðbrandsson** fer með stjórnarmálefni sem heyra undir umhverfis- og auðlindaráðuneytið skv. 9. gr. forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands og ber embættisheitið *umhverfis- og auðlindaráðherra*.

■ 10. gr. Utanríkisráðuneyti.

□ **Guðlaugur Þór Þórðarson** fer með stjórnarmálefni sem heyra undir utanríkisráðuneytið skv. 10. gr. forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands og ber embættisheitið *[utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra]*.¹⁾

¹⁾ Forsetaúrsk. 156/2019, 1. gr.

■ 11. gr.

□ Úrskurður þessi öðlast gildi 1. janúar 2019. . . .

■ [Ákvæði til bráðabirgða. . . .¹⁾]²⁾

¹⁾ Forsetaúrsk. 116/2020, 1. gr. ²⁾ Forsetaúrsk. 115/2020, 1. gr.